MORGUNBLAÐIÐ FIMMTUDAGUR 25. JÚU 1991

Morgunblaðið/KGA
Málverkið „Non-Dispersion-Three Languages" eftir Kazumi Naka-
mura sem listamaðurinn gaf Listasafni Reykjavíkur við opnun sýning-
ar á japanskri nútímalist að Kjarvalsstöðum.

Kjarvalsstaðir:

Japanskur listamaður gefur Listasafni Reykjavíkur málverk

LISTASAFN Reykjavíkur hlaut
að gjöf verk eftir japanska Usta-
manninn Kazumi Nakamura þeg-
ar sýning á japanskri nútímalist
var opnuð að Kjarvalsstöðum sl.
laugardag. Nakamura var við-
staddur opnina ásamt þremur
öðrum japönskum listamönnum
er eiga verk á sýningunni en alls
eru verk eftir 12 japanska lista-
menn á þessari sýningu.
Tilkynnt var við opnun sýningar
á japanskri nútímalist að Kjarvals-
stöðum að Kazumi Nakamura gæfi
Listasafni Reykjavíkur málverk sitt
„Non-Dispersion-Three Languag-
es" sem er á sýningunni. Þetta verk
Nakamura er olíumálverk sem er
1,90 m á hæð og tæplega 4,69 m

á lengd. Málverkið er frá árinu
1990.
Gunnar Kvaran, forstöðumaður
Kjarvalsstaða, sagði að mjög mikill
fengur væri fyrir Listasafn
Reykjavíkur að fá þessa gjöf. Að
sögn Gunnars gefa málverk Naka-
mura og fleiri gjafir frá erlendum
listamönnum, t.d. Yoko Ono,
Reykjavíkurborg tækifæri til þess
að koma upp vísi að litlu safni í
erlendri nútímalist innan Listasafns
Reykjavíkur. Gunnar sagði að fjol-
menni hefði verið við opnun sýning-
arinnar en hún er nokkurs konar
endurgjald Japana vegna Scandina-
vian Today sýningarinnar sem var
haldin í Japan árið 1987.